

# FLENSBORGARHÖFN OG ÓSEYRARSVÆÐI

OPIN HUGMYNDASAMKEPPNI UM FRAMTÍÐARSKIPULAG



**DÓMNEFNDARÁLIT**

MAÍ 2018



HAFNARFJÖRÐUR



HAFNARFJARÐARHÖFN



ARKITEKTA  
FÉLAG  
ÍSLANDS

## INNGANGUR

Allt frá árinu 2003 hefur staðið yfir, með nokkrum hléum, vinna við tillögugerð að nýju deiliskipulagi fyrir Flensborgarhöfn. Nokkrar tillögur voru kynntar árið 2009 og haustið 2014 var haldin opin fundur um framtíð Flensborgarhafnar. Í framhaldinu var ákveðið að vinna forsögn að deiliskipulagi fyrir svæðið. Haustið 2016 var skipaður stýrihópur fulltrúa úr hafnarstjórn og skipulagsráði Hafnarfjarðarbæjar sem vann úr forsögninni grunn að samkeppnislýsingu.

Niðurstaða þessa starfshóps var m.a. að stækka skipulagssvæðið og væntanlegt samkeppnissvæði inn á land Óseyrar, vestan við Flensborgarhöfn. Vegna skipulagsvinnu við nýjar höfuðstöðvar Hafrannsóknarstofnunar sem nú er verið að reisa við Fornubúðir var tímasetningu samkeppninnar frestað á árinu 2017, en í nóvember það ár var samþykkt að opin hugmyndasamkeppnin yrði sett af stað í ársbyrjun 2018 og niðurstöður kynntar í byrjun sumars.

Samkeppnin var haldin í samvinnu Hafnarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarhafnar og Arkitektafélags Íslands. Dómnefndarfulltrúar voru tilnefndir af hafnarstjórn, skipulagsráði og Arkitektafélaginu. Dómnefndin tók til starfa í byrjun janúar sl.

Alls bárust 14 tillögur í samkeppnina og mat dómnefndin tillögurnar samkvæmt áherslum og markmiðum keppnislýsingar samkeppninnar. Dómnefnd vill þakka tillöguhöfundum fyrir áhugverðar og fjölbreyttar hugmyndir sem jafnan voru skýrar og vel fram settar.

## DÓMNEFND OG DÓMSTÖRF

Samkeppnin var opin hugmyndasamkeppni og opin öllum sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Samkeppnin var auglýst í dagblöðum og sérstaklega meðal félagsmanna í Arkitektafélagi Íslands, Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Félagi íslenskra landslagsarkitekta. Skilafrestur var til 9. apríl 2018. Fjórtán tillögur bárust og voru þær allar metnar. Formlegir fundir dómnefndar voru 12 talsins.

### DÓMNEFND SKIPUÐU EFTIRTALDIR AÐILAR:

#### Tilnefndir af hafnarstjórn:

Ólafur Ingi Tómasson,  
fulltrúi í hafnarstjórn og form. skipulagsráðs Hafnarfjarðarbæjar  
Gylfi Ingvarsson, fulltrúi í hafnarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

#### Tilnefnd af skipulagsráði:

Karólína Helga Simonardóttir,  
fulltrúi í hafnarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

#### Tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands:

Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ  
Soffía Valtýsdóttir, arkitekt FAÍ

### TRÚNAÐARMAÐUR DÓMNEFNDAR:

Guðrún Guðmundsdóttir,  
arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar

#### Ráðgjafar dómnefndar:

Lúðvík Geirsson,  
hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar – ritari dómnefndar  
Pormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar


## OPIN HUGMYNDASAMKEPPNI UM FLENSBORGARHÖFN OG ÓSEYRARSVÆÐI

### NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Við mat sitt á tillögum lagði dómnefnd megináherslu á sterka heildarlausn fyrir allt svæðið, aðlaðandi og lifandi umhverfi og gott flæði gangandi jafnt sem akandi. Einnig var sérstaklega horft til þess að tillagan væri með góðar tengingar að aðliggjandi svæðum, ekki síst tengingu hafnarsvæðis og miðbæjarsvæðis. Skapað væri mannvænlegt umhverfi á svæðinu og þróun þess væri á forsendum staðarins og drægi fram þau gæði sem hann býr yfir.

Dómnefnd verðlaunar þrjár tillögur og að auki er einni tillögu veitt viðurkenning sem athyglisverð tillaga. Það er mat dómnefndar að engin ein tillaga hafi svarað að fullu því sem fram kom í keppnislýsingu en að tillögur sem valdar eru til að deila 1. og 2. sæti bæti hvor aðra upp og að saman komist þær nærri því að svara að fullu því sem var óskað eftir. Styrkur þeirra liggja annars vegar í sannfærandi tengingu við miðbæ og mótun Flensborgarhafnar og hins vegar góðri lausn annarra svæða innan samkeppnisreitsins. Sameiginlega nái þær einnig að spegla markmið svæðaskipulags með tilliti til þéttingar byggðar á fyrirhuguðum þróunarsíða Borgarlínu.

Hafnarfirði 15. maí 2018

  
Ólafur Ingi Tómasson, form. skipulagsráðs,  
form. dómnefndar

  
Gylfi Ingvarsson, fulltrúi í hafnarstjórn

  
Karólína Helga Simonardóttir, fulltrúi í hafnarstjórn

  
Bjarki Gunnar Halldórsson, arkitekt FAÍ

  
Soffía Valtýsdóttir, arkitekt FAÍ

### NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR ER EFTIRFARANDI:

1.-2. VERÐLAUN KR. 2.500.000. Tillaga nr. 5 - auðkennisnúmer 12345

1.-2. VERÐLAUN KR. 2.500.000. Tillaga nr. 10 - auðkennisnúmer 06688

3. VERÐLAUN KR. 1.000.000. Tillaga nr. 4 - auðkennisnúmer 88551

ATHYGLISVERÐ TILLAGA. Tillaga nr. 1 - auðkennisnúmer 12321



## ALMENN UMSÖGN DÓMNEFNDAR

### Áherslur dómnefndar:

Í samkeppnislýsingu er áherslum dómnefndar lýst með eftirfarandi hætti:

- Að tillagan taki tillit til sérkenna svæðisins og sérstöðu í bæjarmynd Hafnarfjarðar.
- Að tillagan byggi á skýrri meginhugmynd og að einstök efnistöð samræmist henni í sterkri heildarlaun fyrir svæðið.
- Að tillagan sýni aðlaðandi og lifandi umhverfi með góðri aðlögun og tengingu að aðliggjandi svæðum, gott aðgengi að smábátahöfn, svæði með skjólgóðum almenningsrýmum og góðri stígatengingu gangandi og hjólandi við miðbæjarsvæðið.
- Að umferðarflæði við Suðurhöfn verði áfram tryggt í sátt við nýja uppbyggingu.
- Að tillagan geri ráð fyrir „Borgarlínu“ við Strandgötu.
- Að tillagan komi fram með vistvænar lausnir við uppbyggingu á svæðinu.

Einnig var horft til þess að tryggja atvinnustarfsemi á Suðurbakka, að á svæðinu væri blönduð starfsemi og nýting á landi bætt. Þróun svæðisins styrkti þjónustu við íbúðahverfi í nágrenni. Óþið væri fyrir hugmyndir um íbúðabygg í bland við verslun og þjónustu á stökum svæðum. Svæðið yrði þróað með vistvænar lausnir að leiðarljósi sem væru á forsendum staðarins og dragi fram þau gæði sem hann býr yfir.

Í umsögn dómnefndar hér á eftir er fjallað sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og henni gefin umsögn.

Dómnefndin fór í upphafi yfir allar tillögur og að þeirri yfirferð lokinni var hún sammála um að taka eftirfarandi 5 tillögur til frekari skoðunar, það er nr. 1 – 4 – 5 – 9 og 10. Dómnefnd valdi að lokum þrjár tillögur sem verðlaunatillögur og eina tillögu sem áhugaverða.

## LISTI YFIR TILLÖGUR

Vinnunúmer dómnefndar, auðkennisnúmer tillögu, verðlaun og viðurkenningar.

**Tillaga 1:** Auðkenni 12321  
**VIÐURKENNING - ATHYGLISVERÐ TILLAGA**

**Tillaga 2:** Auðkenni 10116

**Tillaga 3:** Auðkenni 10101

**Tillaga 4:** Auðkenni 88551  
**3. VERÐLAUN 1.000.000 KR.**

**Tillaga 5:** Auðkenni 12345  
**1. - 2. VERÐLAUN 2.500.000 KR**

**Tillaga 6:** Auðkenni 54007

**Tillaga 7:** Auðkenni 21017

**Tillaga 8:** Auðkenni 60122

**Tillaga 9:** Auðkenni 54321

**Tillaga 10:** Auðkenni 06688  
**1. - 2. VERÐLAUN 2.500.000 KR.**

**Tillaga 11:** Auðkenni 25111

**Tillaga 12:** Auðkenni 73773

**Tillaga 13:** Auðkenni 11795

**Tillaga 14:** Auðkenni 17717



## 1. OG 2. VERÐLAUN

### CO EXCIST / CO CREATE - TILLAGA 12345

Tillagan er vel framsett og byggir á sterkri heildarsýn á mótun byggðar í kringum Flensborgarhöfn, strandlengjuna og tengingu við miðbæinn.

Tillöguhöfundar leggja áherslu á mótun strandlengjunnar, jákvæðri tengingu að miðbæ og þéttingu byggðar við höfnina. Með áhugaverðum svæðum sem mynda góð tengls innbyrðis, tekst að skapa hæfilega stór og skjólgóð rými. Hönnun svæðisins tekur mið af umhverfinu og kvarða aðliggjandi byggðar með mannlegan mælikvarða að leiðarljósi.

Hafnarkanturinn er virkjaður á skemmtilegan hátt allt frá miðbæ að viðlegustað skemmtiferðaskipa. Styrking núverandi bygginga er jákvæð og staðsetning turns sem þó er ekki of hár, eða umfangsmikill sem kennileiti staðarins er sannfærandi. Hér hefði þó mátt varðveita ósnortna fjöru og slippinn.

Áhugaverð hugmynd um sniðbyggingu þar sem fléttast saman fjölbreytt atvinnustarfsemi og þjónusta við skemmtiferðaskip er of fyrirferðamikil á svæðinu, en almennt er höfninni gerð góð skil og hafnarsvæðið undirstrikað á jákvæðan hátt sem mikilvægur segull í bæjarmyndinni.

Þeim krafti sem liggur í hönnun á hafnarsvæðinu tekst tillöguhöfundum ekki að fylgja eftir á öðrum svæðum samkeppnisreitsins og er engin afgerandi sýn á þau svæði. Svæðinu milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar sem og svæðinu milli hafnarbakkans og atvinnuhafnarinnar er ekki gerð nægilega góð skil og varla sýnileg viðfangsefni höfunda.

Yfirbragð almenningsrýma er áferðarfallett, svæðunum er gerð góð skil með sannfærandi tengingum innbyrðis, við nálæg svæði og miðbæ. Arkitektónísk sýn á svæðið er sterk og lofar góðu um lífandi uppbyggingu á svæðinu til framtíðar.

#### HÖFUNDAR:

#### KJELLGREN KAMINSKY ARKITEKTUR

Guðríður Hilmarsdóttir, Joakim Kaminsky, Francesca Suaria & Karolina Bloch.

#### MARELD LANDSKAPSARKITEKTER

Oskar Ivarsson, Andreas Moller Nielsen, Svante Soldemo & Louise Nguyen.





#### HÖFUNDAR: JVANTSPIJKER

Orrí Steinarsson, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Julio M. Gil Farina, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Federica Giannone, arkitekt  
Dimitrios G. Andrinopoulos, arkitekt  
Jesse van Wijnen, arkitekt  
Jaakko van't Spijker, arkitekt/skipulagsfræðingur

## 1. OG 2. VERÐLAUN

### MANNLÍF Í HÖFN - TILLAGA 06688

Tillagan er vel framsett og leysir nokkuð vel þau viðfangsefni sem lögð voru fyrir í keppnislýsingu, byggir á sterkri heildarsýn á mótun byggðar og skýrri skiptingu í þrjú svæði, afþreyingarhöfn, hafnarsvæði og grænt íbúðahverfi. Lagt er kapp á að skapa blandaða og gróskumikla byggð til að styrkja samlíf hafnar og bæjarsamfélagsins, jafnframt því að efla sérstöðu Hafnarfjarðar á höfuðborgarsvæðinu.


Höfundar tillögunnar eru vel meðvitaðir um að svo líf og fjör geti dafnað á höfninni þurfi að byggja blandaða byggð, svæði þar sem atvinnustarfsemi er í bland við íbúðabyggð. Hugmyndir um þéttingu byggðar eru því nokkuð áberandi í tillögunni en það styður vel við markmið Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um þéttingu byggðar á þróunarsvæðinu Borgarlínu, en stoppistöð hennar er staðsett á ákjósanlegum stað, suðlægt á svæðinu. Það er í þessum þéttingarhugmyndum vestanvert á svæðinu sem helsti styrkur tillögunnar er fallinn.

Fjölbreytilegt og lifandi búðasvæði milli Óseyrarbrautar og Hvaleyrarbrautar gefur fyrirheit um uppbyggingu vistvæns íbúðahverfis. Hverfið virkar afar sannfærandi og heildstætt, með áhugaverðum húsagerðum sem falla mjög vel að anda staðarins. Íbúðahverfið er rýmislega vel aðgreint frá öðrum svæðum við höfnina og er það mikill kostur að hverfið sé ekki staðsett norðan við Óseyrarbraut en á þessum jafri þarf þó að huga vel að hvernig byggðin mætir hafnsækinni starfssemi til norðurs. Til að mæta hafnarsvæðinu og skapa ákjósanlegri aðstæður fyrir íbúðabyggðina er mælt með léttari atvinnustarfsemi meðfram Óseyrarbraut.

Norðan íbúðabyggðarinnar er "Hafnarbyggðin" sem í mælikvarða brúar bil stærri bygginga á höfninni og minni bygginga sunnanvert á svæðinu.

Til að tengja saman bæ og höfn er lagt upp með að skapa heildstætt almenningsrými sem tengir þessa bæjarhluta saman. "Afþreyingarhöfnin" austanvert á svæðinu nær þó ekki sömu hæðum og þéttingarsvæði vestanvert. Þó matarmarkaður, miðlægt á svæðinu, standi vissulega fyrir sínu þá nær núverandi staðarandi og sérkenni ekki að setja mark sitt þegar horft er á yfirbragð svæðisins sem hefði mátt þetta meira og tengja miðbænum með skýrari hætti.

Tillagan er engu að síður vel ígrunduð, skýrt framsett og getur með þéttingarhugmyndum sínum orðið mikil lyftistöng fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæðið.





### 3. VERÐLAUN

#### HAFNARBÚÐIR - TILLAGA 88551

Tillagan er skýr og svarar nokkuð vel þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu.

Tillöguhöfundar leggja áherslu á umferð gangandi og hjólandi um svæðið og tengingu við aðliggjandi íbúðabyggð og Strandgötu 75. Staðsetning Borgarlínu er leyst á sannfærandi hátt. Yfirbragð tillögunnar er auðmjúkt og meginmarkmið hennar er að styrkja staðaranda hafnarinnar og styðja við það líf og þá starfsemi sem hefur verið að þróast á svæðinu á undanförunum árum.

Í greinargerð er réttilega bent á að byggingar svæðisins sem í árána rás hafa hýst sjósækna starfsemi búi við nánari athugun yfir arkitektóniskum gæðum, bæði hvað varðar form og rýmismyndanir. Þessar byggingar eru einkum staðsettar á milli Hval-eyrarbrautar og Óseyrarbrautar og mynda í raun ramma utan um meginviðfangsefni tillögunnar. Á þessu svæði er lagt til að skapa umhverfi fyrir fjölbreytta skapandi starfssemi svo sem dansskóla og útileikhús, auk þess sem byggingar og útirými fá andlitslyftingu.

Áhugavert og réttmætt sjónarmið er einnig sett fram hvað varðar sögulegt samhengi bygginga. Hér er vísað til þess að aldur bygginga og mannvirkja sé ekki afgerandi svo búa megi yfir sögulegu spori, heldur sé það mark ekki síður sett út frá þeirri starfsemi sem þar er eða hefur verið. Í þessu samhengi sjóngerist mikilvægi sjósækinnar starfssemi í tillögunni á jákvæðan hátt. Höfundar hafa kafað djúpt til að finna anda staðarins og taka þar eftir litlum atriðum eins og lítilli byggingu við enda slíppsins. Hugmyndafræði tillögunnar er að þessu leiti afar auðmjúk og falleg, en á sama tíma verður heildarmyndin gisín á köflum. Tillagan missir því afl sitt, einkum norðanvert á svæðinu auk þess er miðlægt torg afar stórt og berangurslegt og allt það svæði of strjált. Í heild hefði mátt huga betur að þéttingu svæða til að styðja betur við þá lífandi starfssemi sem lögð er til í tillögunni.

Tillagan er mjög fallega fram sett, afar ljóðræn og tekst á sannfærandi hátt við þau svæði sem eru í brennidepli tillögunnar.

#### HÖFUNDAR:

##### SEI

Barbara Sopolinska, Einar Hlér Einarsson, Guðrún Harðardóttir & Shruthi Basappa

#### RÁÐGJÖF:

Massimo Satanichchia



## ÁHUGAVERÐ TILLAGA

### LANDIÐ, BÆRINN OG MIÐIN - TILLAGA 12321

Tillagan er skýr, skemmtilega framsett og svarar nokkuð vel áherslum sem fram eru settar í keppnislýsingu.

Í tillögunni eru settar fram afgerandi hugmyndir um endurnýtingu og hringrás efna sem meðal annars kemur fram í hugmyndum um framhaldslíf bygginga sem nú þegar eru á svæðinu. Einnig endurskilgreiningu strandlínunnar þar sem tengsl fyrri tíma við Hval-eyrarlón eru endurvakin og nýtt á framsækinn hátt. Við þetta skapast eðlileg aðgreining milli svæða. Á "fyllingunni" er atvinnuhöfnin og fyrirferðameiri atvinnustarfsemi aðskilin svæðum á landi þar sem smágerðari kvarði nálægrar byggðar tekur við. Svæðin tengjast með nýskilgreindum þverunum, göturyminu er kollvarpað og nýjar tengingar skapaðar. Strandgatan er þrengd og henni gefin afgerandi andlitslyfting í bæjarmyndinni sem grænn ás til að auka bæjarbrag, fegra ásýnd strandlengjunnar og hægja á umferð. Hringtorg við Fornubúðir er tekið niður og akandi umferð flutt vestur fyrir núverandi fiskmarkað um Cuxhavengötu. Í tillögunni tekst ágætlega að styrkja tengsl hafnar svæðisins, miðbæjar og íbúðabyggðar við Norðurbakka með stækkun smábátahafnar og staðsetningu minni mannvirkja eftir ströndinni.

Hugmyndir sem fram koma í tillögunni eru afar hressandi og margbreytilegar en afstöðu til fyrirhugaðrar Borgarlínu er saknað. Svæðaskipting tekst vel til, frá því stóra / hávaða-sama yfir í það smágerða / hljóðlátara. Hugmyndafræði tillögunnar er afar sterk og hér liggur styrkur hennar, afgerandi afstaða til nýtingar og endurnýtingar, sterk tengsl við sögu staðarins og mikilvægi þess að tengja fortíð, nútíð og framtíð. Í tillögunni eru settar fram hugmyndir sem tvímælalaust eru gott innlegg í umræðu um betri bæ við sjó.



#### HÖFUNDAR: APRÍL ARKITEKTAR AS

Arna Mathiesen & Kjersti Hembre

#### SAMSTARF:

Kathrine Lagethon Lunøe,  
Simon Scharnweber & Siying Pang.

#### HÖFUNDAR: BATTERÍÐ ARKITEKTAR EHF

Davíð Ingi Bustion, arkitektanemi  
Sigurður Einarrson, arkitekt faí  
Sveinn Þórarinnsson, arkitekt faí


#### LANDSLAG EHF

Anders Terp, landslagsarkitekt fíla  
Gísli Rafn Guðmundsson, borgarhönnuður  
Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt fíla



#### HÖFUNDAR:

GRAEME MASSIE ARCHITECTS



### SJÓSÓKN - TILLAGA 10116

Tillagan er skýr og varpar fram nokkrum góðum hugmyndum. Þar má nefna hugmyndina um að opna Ásbúðarlækinn og sömuleiðis er jákvætt að sjá markvissa uppbyggingu við Drafnarlipp sem er til þess fallin að skapa tengingu á milli bæjar og hafnarinnar. Jafnframt er vel unnið úr umferð að höfninni auk þess sem stoppstöð Borgarlínu er leyst með sannfærandi móti. Tillagan líður hinsvegar fyrir stórgerða húskroppa, sérstaklega austanvert á svæðinu. Á tillöguörkum er mikið af sýnishornum af byggingum sem gefa til kynna hvernig byggðin gæti litið út. Sýnishornin eru þó af svo margvíslegum og ólíkum toga að óljóst er hver sé hin eiginlega arkitektóníska sýn með tillögunni.

#### HÖFUNDAR: ZIS AS

Eirik Rønning Andersen, siv.ark. mnal



#### HÖFUNDAR: SP(R)INT STUDIO

Karl Kvaran  
Sahar Ghaderi  
Sepideh Haji Yousefi  
Sara Mortazavi

AÐSTOD: Mahla Zeinali



### (NAFNLAUS) - TILLAGA 54007

Tillagan er skýr en svarar misvel þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu. Austanvert við höfnina tekst að mynda aðlaðandi svæði með varðveislu Íshússins og slippins auk þess sem skipasmíðasafn, norðan við slippinn, gæti gefið svæðinu kraft. Vestanvert er jákvætt að sjá byggingar við Fornubúðir varðveittar en í framhaldinu af þeim er komið fyrir þjónustubyggingum meðfram hafnarkantinum sem gætu ljáð umverfinu líf. Byggðarmynstur tekur mið af væntanlegum byggingum Hafnarsóknastofnunar til að gefa umhverfinu heildstæðan svip. Stærstu ókostir tillögunnar felast þó í stórum svörtum turni norðanvert sem og grænu svæði norðan við hringtorg. Byggðin virkar fyrir vikið sundurleit og berangursleg.

### (NAFNLAUS) - TILLAGA 21017

Tillagan er vel framsett og leysir á nokkrum sviðum vel úr þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu. Heildstætt á sér stað þétt uppbygging þar sem byggingar rísa þó ekki of hátt. Þegar horft er á yfirbragð byggðarinnar má greina nokkrar ólíkar gerðir af byggingum sem hver um sig eru áhugaverðar og vel útfærðar. Það er jákvætt að sjá eldri byggingar og slippinn standa áfram. Við hafnarkantinn er gegnumgangandi efniskennnd, að því er virðist úr timbri, sem tengir svæðið saman. Miðlægt á svæðinu er almenningsrými með hrauni og gufustrókum. Þó öll þessi atriði er varða útirými og yfirbragð bygginga feli í sér gæði, þá verður til blanda sem virkar óreiðukennd og framandi. Umferðarlæði að Suðurhöfn er auk þess ekki nógu vel leyst.

#### HÖFUNDAR: A2F ARKITEKTAR

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt faí & Falk Krüger, arkitekt akb/faí

#### SAMSTARF, AÐSTOÐ:

Ela Cestar, starfsnemi,  
Martyna Pyta, starfsmaður & Fractal Mind, þrívíddarvinnsla



### 220+ HJARTA HAFNARFJARÐAR - TILLAGA 60122

Tillagan er vel framsett og leysir á nokkrum sviðum vel úr þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu. Í tillögunni er lögð fram þétt en lágrest byggð sem fellur að mörgu leyti vel að því byggðarmynstri sem fyrir er. Jafnframt er lögð áhersla á að skapa fjölbreytt útsvæði á milli húsa og við strandlínuna. Í því samhengi er áhugaverð sú uppbygging sem á sér stað austan við Fornubúðir, þá einkum kanturinn við hafflötinn. Aðgerðin hefur þó þá ókosti í för með sér að smábátahöfnin verður þröng. Þrátt fyrir ýmsar áhugaverðar úrlausnir og hugmyndir sem tillagan bíður upp á, tekur hún ekki nægilega vel tillit til sérkenna svæðisins, eins og gamla slíppsins. Yfirbragð tillögunnar höfðar ekki sterkt til þess staðaranda sem höfnin býr yfir.

#### HÖFUNDAR: VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt fila  
Erla Bryndís Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt fila  
Hrafnhildur Hrafnkelsdóttir, landslagsarkitekt fila  
Hildur Dagbjört Arnardóttir, landslagsarkitekt fila  
Ruth Guðmundsdóttir, Bs umhverfisfræði  
Ulla Rólfsgne Pedersen, landslagsarkitekt fila  
Þuríður Ragna Stefánsdóttir, landslagsarkitekt fila



#### STÁSS ARKITEKTAR

Árný Þórarinsdóttir, cand.arch faí & Helga Vilmundardóttir, cand.arch faí

**SAMSTARF, AÐSTOÐ:** Péter Farkas, byggingarverkfræðingur

### HAFSJÓR AF MÖGULEIKUM - TILLAGA 25111

Tillagan er skemmtilega framsett og frumleg og varpar fram nokkrum góðum hugmyndum. Miðlægt á svæðinu er búið til nokkurs konar landslag sem tengir höfnina við bæinn sunnanvert en umferð bíla er þar sett í stökk. Mössubæjarlækur er endurgerður en við hann er húsið „Ós“ sem er menningarhúsið inni í þessu nýja landslagi. Vestanvert er komið fyrir blandaðri starfssemi með íbúðum, verslun og þjónustu og virkar sú byggð áhuguaverð í byggðarmynstri sínu, þó ýmsar rýmismyndanir gætu ekki virkað sem skildi. Austanvert er jákvætt að sjá eldri byggingar og mannvirki varðveitt. Þrátt fyrir frumlega nálgun og góðar hugmyndir virkar svæðið þó í heild sinni gisið, líklega þar sem formgerð hússins „Ós“ er ekki nægilega sterk, til að binda svæðið saman í eina heild.

#### HÖFUNDAR: JOLMA ARCHITECTS LTD.

Kasmir Jolma, arkitekt safi  
Andrea Bonetti, arkitektanemi  
Essi Nisonen, arkitektanemi  
Carlos Orbea, arkitektanemi  
Vojtech Rudorfer, arkitektanemi  
Katerina Vlkova, arkitektanemi

#### NORMAJI LANDSCAPE ARCHITECTS LTD.

Varpu Mikola, landslagsarkitekt mark  
Inkeri Niskanen, landslagsarkitekt mark

#### SAMSTARF, RÁÐGJÖF:

Matti Pirttimäki, arkitekt safi  
Arna Vala Sveinbjarnardóttir



### TENGING - TILLAGA 11795

Tillagan er skemmtilega framsett í myndum og texta og ber vott um sköpunargleði sem og jákvæða sýn á Flensborgarhöfn. Styrkur tillögunnar felst meðal annars í varðveislu nokkurra lykilorðbygginga; Íshússins, slíppússins og verbúðanna við Fornubúðir en milli þessara bygginga er lögð áhersla á að skapa gott skjól fyrir höfnina. Rýmin sem myndast á milli þessara skjólmyndandi bygginga og hafnarkantsins eru þó nokkuð ómarkviss í lögun sinni. Vestanvert á svæðinu er lögð til þétt en lágrest íbúðabyggð sem býr yfir ýmsum gæðum. Á sama tíma verður umferðarflæði að Suðurhöfn erfitt auk þess sem turninn er úr takti við það byggðarmynstur sem kallað er eftir, þó hann líti vissulega vel út á myndum.

#### HÖFUNDAR: BASALT ARKITEKTAR

Dagbjört Ásta Jónsdóttir, arkitekt faí,  
Hrólfur Karl Cela, arkitekt faí  
Marcos Zotes, arkitekt faí &  
Tamsin Hanke, arkitekt arb

#### EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur  
Eva Þrastardóttir, skipulagsfræðingur/samgöngu-  
sérfræðingur  
Jóhanna Helgadóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur



### FJARÐARHÖFN - TILLAGA 54321

Styrkur tillögunnar liggur tvímælalaust í breyttu umferðarskipulagi sem aðskilur þunga-umferð greinilega frá léttari starfsemi á svæðinu sem og tengir fyrirhugaða íbúðabyggð á svæði 5 betur nærliggjandi íbúðabyggð. Hugmyndum um Borgarlínu eru gerð mjög góð skil sem og öðru umferðarflæði bæði gangandi, hjólandi og akandi. Höfundar leggja til aðlaðandi hugmyndir að vistvænu umhverfi sem mýkir ásýnd hafnar svæðisins.

Veikleiki tillögunar er sá helstur, að byggingar og útsvæði við Flensborgarhöfn eru of stór, þétting á því svæði mætti vera meiri og tengingu við það líf sem er í kringum smábátahöfnina gerð betri skil. Tenging svæðisins við miðbæ er ekki nægilega skýrt framsett annarsstaðar en í yfirlitsmynd. Íbúðabyggð á svæði 4 er frekar vafasöm vegna nálægðar við þunga hafnarstarfsemi. Hugmynd um hafnargarð er áhugaverð en þarfnast nánari skoðunar þar sem viðlega fiskibáta er þar sem græn bruggja / útsvæði er fyrirhugað í tillögunni.

#### HÖFUNDAR: KRIOV A/S

Hafsteinn Evar Jóhannsson  
Niesline Otto Christensen  
Jesper Krilov

#### DUGGAN MORRIS ARCHITECTS:

Ed Blake  
Terese Viltoft

#### RÁÐGJÖF, AÐSTOÐ:

Helgi Páll Einarsson



### HVERFIN VIÐ HÖFNINA - TILLAGA 73773

Tillagan er vel framsett og leysir á nokkrum sviðum ágætlega úr þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu. Í greinargerð tillögunnar koma fram góð markmið um að vinna með staðaranda hafnarinnar og eru lagðar fram áhugaverðar hugmyndir um menningararf staðarins. Í því samhengi skýtur skökku við, að rótgróin mannvirki og byggingar, eins og slíppurinn og verbúðirnar við Fornubúðir séu látin víkja. Aðkoma að Suðurhöfn er jafnframt ekki nægilega góð. Á hinn bóginn er grunnmynd verkefnisins afar áhrifarík á köflum í byggðarmynstri sínu, t.d. þar sem nýjum og eldri byggingum er fléttað saman. Þar hefði þó mátt vinna betur með svæðið norðanvert sem og hið miðlæga svæði hafnarinnar til að reka endahnúttinn við að skapa heildstæða tillögu.

#### HÖFUNDAR:

#### ZOPHONIASSEN+PARTNER DIPL. ARCHITEKTEN ETH SIA BDA

Paloma Fernandez  
Bjarki Zophoniasson, arkitekt faí

#### TEIKNISTOFA

#### PÁLS ZÓPHONÍASSONAR EHF.

Páll Zophoniasson, byggingatæknifræðingur



### (NAFNLAUS) - TILLAGA 17717

Tillagan er skýr en svarar misvel þeim viðfangsefnum sem sett eru fram í keppnislýsingu. Tillöguhöfundar leggja áherslu á umferð gangandi og hjólandi um svæðið og tengingu við önnur svæði í Hafnarfirði. Ennfremur er lögð áhersla á varðveislu menningarminja eins og slíppsins og er það kostur. Þegar sneiðingar eru skoðaðar birtast áhugaverðar hugmyndir um hvernig lítil og stór byggð mætist í formi og litavali. Þegar þrívíðar myndir eru skoðaðar má þó sjá að þessi stóri maelikvarði fer ekki vel á svæðinu og er turninn þá sérstaklega úr takti við þá aðlögun að byggðarmynstri sem kallað er eftir.